



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Gullborg

2023 – 2024

*Mynd af leikskólanum eða úr starfi ef vill.*

### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
3 Innra mat deildar .....	9
4 Innra mat sérkennslu.....	19
5 Innra mat – fjöltyngd börn .....	21
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	23
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	23
8 Foreldrasamvinna.....	23
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	24
10 Fylgigögn.....	24
<b>10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....</b>	<b>24</b>



# Leiðarljós leikskólans, Gleði, sköpun og vinátta

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Það sem hefur einkennt leikskólastarf Gullborgar veturinn 2022-2023 er lærdómssamfélag. Lærdómssamfélag sem hefur einkennst af samstarfi og þróunarverkefnum við nær samfélagið í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur og Barnasáttmálans. Frá því að Menntastefnan leit dagsins ljós árið 2018 þá hafa Gullborg, Grandaborg og Ægisborg verið í samstarfi að elstu börn leikskólana tengist félagslega í gegnum starf leikskólanna og að þau eflist sem fullgildur þátttakandi í lærdómssamfélagi áður en að þau byrja í sama hverfis grunnskóla. Þetta samstarfsverkefni fékk Hvatningaverðlaun skóla og frístundaráðs Reykjavíkur skólaárið 2022-2023. Samstarfið hefur verið það ánægjulegt í gegnum árin að bæði kennarar og leiðbeinendur leikskólanna hafa lært margt af hvert öðru að áhugi vaknaði hjá stjórnendum að efla enn frekar samstarfið og fara í þróunarverkefni. Niðurstaðan var sú að þörf væri á að þróa betur hlutverk kennara og leiðbeinanda í að stuðla að leik sem meginnámsleið barna og að þróa starf yngstu barnanna í leikskólanum. Einnig að gríðarleg þörf væri á fræðslu og umræðu inn í leikskólana um leik barna og hvernig nám þeirra birtist í leiknum. Sérstaklega þar sem fækkun fagfólks á leikskólum er mikið vandamál og áhyggjuefni. Stjórnendur leikskólana fengu Dr. Önnu Magneu Hreinsdóttur til að leiða verkefnið. Hún er aðjúntk við Menntavísindasvið Háskóla Íslands sem hefur m.a. sérhæft sig í leik sem helstu námsleið barna, lýðræðislegar starfsaðferðir og þátttöku barna í leikskólastarfi og fulltrúa frá Skóla- og frístundasvið í þróunarverkefni til 3ja ár. Sótt var um styrk í Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og heitir þróunarverkefnið Leikur, nám og gleði. Væntanlegur ávinningur fyrir starfsfólk og börn er aukin þekking á leik sem námsleið og hvernig starfsfólk, námsumhverfið og barnahópurinn getur stutt við leik, sjálfsefningu og félagsfærni barna. Einnig er ávinningur í því að leikskólastarf taki mið af þörfum og námi yngstu barnanna í leikskólanum. Fyrirkomulag fræðslunnar og umræður hafa verið á sameiginlegum skipulagsdögum, fundum og dagleg umræða og handleiðsla til starfsfólks. Starfsfólk hefur rýnt í eigið starf með skráningum. Nú er verkefnið búið að standa yfir í einn vetur og sjáum við hægfara breytingu í þekkingu starfsfólks á hlutverki sínu í leik og starfi og hversu leikurinn mikilvægur sem námsleið barna.

Í nokkur ár höfum við verið að vinna með ákvæði Barnasáttmálans og var alltaf stefnan að Gullborg yrði Réttinda leikskóli UNICEF. Tækifærið kom þegar stjórnendur í Gullborg, Laugasól, Ævintýraborgir við Eggertsgötu og Nauthólfsveg, Vinagerði og Ungbarnaleikskólans Bríetartúni tóku tal saman og sáu að allir þessir leikskólar höfðu verið að stefna í sömu átt. Sótt var um styrk í Þróunar- og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur til 3ja ára. Leitað var eftir samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Menntavísindasvið Háskóla Íslands og UNICEF á Íslandi. Heitir



verkefnið Réttindi barna í leikskólum og er markmiðið að laga starfshætti leikskólana að hugmyndum sáttmálans, m.a. með því að valdefla börnin, hlusta betur á hugmyndir þeirra og stuðla að því að þeir verði raunverulegir áhrifavaldar í leikskólunum. Markmiðin endurspegla áherslu Menntastefnu Reykjavíkurborgar á að öll börn vaxi, dafni og uni sér saman í lýðræðislegu samfélagi sem einkennist af mannréttindum og virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs. Gengið er út frá því að börn séu sérfræðingar í lífi sínu, geti myndað sér skoðanir á málefnum sem þau varða, látið þær í ljós og haft áhrif á daglegt líf sitt. Ávinningur fyrir börn í leikskólum er að starfshættir í leikskólunum taki mið af Barnasáttmálanum og að börnin fái tækifæri til að vera sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Hver leikskóli valdi starfshátt sem hentaði þeim til að þróa og völdum við hér í Gullborg að valdefla börnin í matartímum. Nú er verkefnið búið að vera í einn vetur og er niðurstaðan sú að matartíminn er dásamlegur, börnin eru mun meira sjálfstæðari, sjálfsefandi, félagsfæri barna er meiri á milli deilda, tillit milli barna er meiri og meiri ró er í matartímanum. Ef við gefum þeim ekki tækifæri þá fá þau ekki að eflast sem virkir þátttakendur í leikskólastarfi og að á þau sé hlustað. Í byrjun þessa samstarfs var 2 fulltrúum úr hverjum leikskóla boðið að kynna sér svipað verkefni í 2 leikskólum í Stokkhólmi. 2 fulltrúar úr Gullborg fóru og var gaman að sjá hvernig unnið er að innleiða Barnasáttmálann í samstarfi við UNICEF. Í kjölfarið af þessari ferð var ákveðið að þessir 6 leikskólar í Reykjavík og 2 í Stokkhólmi ásamt fulltrúa frá skrifstofu Skóla og frístund, Háskóli Íslands og færi í samstarf um leik barna og hlutverk kennarans. Fyrstu skrefin að þessu samstarfi er námsferð stór hluta starfsfólks úr þessum 6 leikskólum samtals 96 manns til Stokkhólms dagana 19-23 apríl. Þar munu taka á móti okkur kennarar 2ja leikskóla og kynna okkur þeirra starf með heimsóknum á leikskóla og fyrirlestur um leik barna og hlutverk starfsfólks í leik barna. Einnig munu stjórnendur leikskólana hittast og leggja drög að næstu skrefum fyrir haustið 2023.

Nú er komið að leiðarlokun hjá mér sem leikskólastjóri í Gullborg eftir 35 ár í Gullborg. Ég byrjaði sem leikskólakennari árið 1988, varð síðar deildastjóri og síðar aðstoðarleikskólastjóri og eftir framhaldsnám í stjórnun leikskólastjóri frá 2000-2023. Ég vil þakka öllu mínu samstarfsfólki og foreldrum fyrir samstarfið á þessu ár. Sérstaklega vil ég þakka öllum þeim börnum sem hafa verið í Gullborg og vona ég innilega að sá tími hér hafi gefið þeim gott veganesti til framtíðar.

Takk fyrir mig

Rannveig Júníana Bjarnadóttir

leikskólastjóri í Gullborg



## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Stjórnun	Spurningalisti	Starfsfólk	<p>Styrkleikar, gott andrúmsloft og samskipti á milli starfsfólks inn á deildum</p> <p>Tækifæri til umbóta, deildastjórar verði meiri stjórnendur og taki á málum inn á sínum deildum og handleiði starfsfólki rétt vinnubrögð og hvernig á að vinna að settu markmiðum og leiðum. Leikskólastjóri og deildastjórar verði gott stjórnunarteymi</p>
Leikurinn – áherslur	Spurningalista	Starfsfólk	<p>Styrkleikar mikil ánægja með þetta verkefni Leikur, nám og gleði</p> <p>Tækifæri til umbóta, bæta þarf handleiðslu mikilvægi leik barna</p>
Álags og streitu þættir í starfi	Spurningalista	Starfsfólk	<p>Styrkleikar</p> <p>Tækifæri til umbóta, minka álag í fataklefa barna, finna leið til að bregðast við</p>



			undir mönnunn almennt, jákvæðari og hjálpleg samskipti.
<b>Skráningar – verkefni leikskólans</b>	Spurningalista	Starfsfólk	Styrkleikar, börnin hafa mjög gaman af ferilmöppunum sínum.  Tækifæri til umbóta, kenna starfsfólki að skrá og bæta mun betur aðkomu barna að skráningunni
<b>Foreldrakönnun SFS</b>	Rafræn könnun	Foreldrar	Styrkleikar  Tækifæri til umbóta
<b>Almenn líðan barna í leikskólanum</b>	Spurningalisti	Börnin	Styrkleikar  Tækifæri til umbóta

## Ytra mat 2022

Í nóvember sl. var viðhorfskönnunin Stofnun ársins lögð fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar og sá Gallup um framkvæmdina. Stofnun ársins er mikilvægt verkfæri fyrir stjórnendur og starfsfólk til að eiga samtál um starfsumhverfi, stjórnun og líðan á vinnustað með það að markmiði að efla vinnustaðinn enn frekar. Vegna ónægrar þátttöku starfsfólks í viðhorfskönnuninni er hún ekki marktæk.



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmiðum árangur
Árangursríkir stjórnunar hættir	Stjórnunar hættir til árangurs	Stjórnunar hættir leikskólans einkennist af lýðræði og aukinni vellíðan kennara og barna.	Leikskólastjóri, aðstoðar-leikskóla- stjóri, sérkennslu- stjóri deildarstjórar	Ágúst 2023	Á alltaf við	Mat kennara, barna og foreldra vor 2024	Að stjórnunar hættir leikskólans einkennist af lýðræði og vellíðan fyrir alla
Uppeldis- og menntastarf	Að leikurinn verði sýnilegur sem námsleið barna í öllu starfi leikskólans	Þróunar samstarf við HÍ, Grandabor og Ægisborg og skrifstofu SFS	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri deildarstjórar	Áfram hald frá hausti 2023	Þróun arve rkefni til 2ja ára, ætluð verklok maí 2024	Í lýðræðislegri samræðu starfsfólks, spurningalvistum til starfsfólks og foreldra og barna um afmarkaða þætti verkefnisins í maí	Aukinn þekking innan leikskólans á hvernig best sé að koma til móts við þarfir barna og huga að námi þeirra í leik.



						2023 og apríl 2024	
Gullborg sem réttindaleiks kóli	Innleiða Barnasátt mála sameinuð u þjóðanna. Gullborg verði réttindalei kskóli	Þróunarve rkefni við 5 leikskóla í Reykjavík	Allir starfsmenn leikskólans	Áfra m hal d frá ág úst 20 22	þróun arve rkefnið er til 3ja ára og áætluð verklo k maí 2025	Árangursm iðað byggir á eigindlegu m og megindleg um aðferðum í maí 2023 og apríl 2024 og 2025	Að starfshæ tti r taki mið af Barnasát t málanu m. Börnin sjálfstæð , virkir og ábyrgir þátttake ndur í lýðræðisl egu starfi
Félagsfærni og sjálfsefning	Styrkja og auka sjálfsefningu og félagsfærni barna í samstarfi við Grandabor g og Ægisborg	Samstarf við 3 aðra leikskóla, Hí og Sfs	Allir starfsmenn	Áfra m hal d frá Maí 202 3	Óvíst	Deildafund ir, rýnihópar barna. Matslistar og skimanir Rýnihópar starfsfólks og foreldra	Börnin séu með sterka sjálfsmynd, hafi frumkvæ ði. Börnin eigi hlutdeild í öllum ákvörðunum. Starfsfól





							k hlusti á börnin
Mannauður / Leikskólabragur	Að leikskólinn skipir menntuðu, áhugasömmum kennuru m. Sem eru virkir í starfi og tileinka sér starfshætti leikskólans.	Fræðsla, samstarf við nærsamfélag, leikskólinn sem lærdómssamfélag og allir handleiði á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.	Allir starfsmenn	Ágúst 2023	Á alltaf við	Rýnihópar kennara allt árið.	Allir vinni að sama markmiði og hafi góða yfirsýn yfir starfið.

### 3 Innra mat deilda

#### Regnboga deild

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks	Vera til staðar í leik barnanna og þekkja sitt hlutverk	Ákveða hvar hver kennari er í leik og að hann sé meðvitaður um	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum	Betri yfirsýn yfir nám og þroska barna



		hlutverk sitt, þátttöku og rýni í leiknum					
Leikurinn áherslur	Að leikurinn fái meira rými og tíma	Gæta að næði barna í leik. Horfa á styrkleika hvers barns	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum og í daglegu starfi, rýnihópar barna	Fjölga tækifærum fyrir flæði hjá börnunum
	Að auka fjölbreytni í leik barnanna	Að glæða leikinn meira lífi með fjölbreyttari efnivið	Allir starfsmenn deildarinnar	Á alltaf við		Samtal á deildarfundum, í daglegu starfi og rýnihópar barna	Auka námstækifæri barnanna í gegnum leikinn
Skráningar - ferilmöppur	Að lámarki ein einstaklings- og ein hópskráning á vetri	Ákveða fyrir fram skráninga -stundir og/eða grípa tækifæri, nota ljósmyndir	Allri starfsmenn deildarinnar	Í upphafi vetrar		Fara yfir skráningar á deildarfundum. Nota möppur í foreldraviðtölum	Samfella í skráningum á milli deilda og heildar yfirsýn yfir þroska, nám og líðan
	Aukin aðkoma barna að ferilmöppunum sínum	Hafa möppurnar aðgengile	Allir starfsmenn	Á alltaf við		Fara yfir á deildarfundum og í	Börnin meðvitaðri um nám sitt og getu



		gar börnunu m og hafa þau meira með í skráninga rferli og hvað sett er í möppurn ar þeirra	deildari nnar			samtölum við börnin	sína til að hafa áhrif á það
Samskipti við foreldra	Aukinn sýnileiki á starfið	Auka myndbirti ngu á miðlum sem sýna starfið og með umfjöllun í fréttabréf i	Allir starfsm enn deildari nnar	Á alltaf við,  Ca. 1x í viku		Ræða myndbirtin gar og upplýsingar til foreldra á deildarfund um	Aukinn innsýn foreldra í starfið og skilning þeirra á starfinu
Barnasáttmá linn	Innleiða Barnasáttmála Sameinuðupjó ðanna	Kynna markmið sáttmálan s fyrir börnunu m	Allir starfsm enn deildari nnar	Í upphafi skólaár sins		Samtöl og rýnihópar barnanna. Deildarfund ir	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínnum og kunni skil á grundvallar mannréttin dum



## Græna deild

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks	Að starfsfólk þekki hlutverk sitt í leik barnanna og styðji við nám barna í gegnum leik.	Með auknu samtali milli starfsfólks. Umræður á deildarfundum.	Allir starfsmenn deildarinnar	Á allt af við.	Á allt af við.	Deildarfundir og skráningar.	Afslappaðra lærdómsumhverfi.
Leikurinn áherslur	Að auka fjölbreytni barna í leik.	Fjölbreyttari efniviður.	Allir starfsmenn.	Á allt af við.	Á allt af við.	Samtal á deildarfundum og í daglegu starfi.	Aukin námstækifæri barna í gegnum leik. Fjölbreyttari leikur barna.
Skráningar - ferilmöppur	Að auka skráningar.	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í möppunum.	Allir starfsmenn.	Ágúst 2023.		Fara yfir á deildarfundum.	Heildar yfirsýn yfir þroskaferli og nám barna í leikskólanum.
Barnasáttmálinn	Gera Barnasáttmálann sýnilegri á deildinni.	Vinna markvisst og fjölbreytt með Barnasáttmálann.	Allir starfsmenn.	Ágúst 2023.		Deildarfundir, skráningar og stöðumat.	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar



							mannréttind um.
Markviss málörvun	Vinna meira með málörvun í daglegu starfi.	Vinna markvisst með málörvun í gegnum leik.	Deildarstjóri, allir starfsmenn.	Ágúst 2023.		Umræður á deildarfundum.	Aukin markviss málörvun, starfsfólk sé öruggt í að vinna með málörvun, aukinn málþroski barna á deildinni

### Rauða deild

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Viðhorf og hlutverk starfsfólks	Að starfsfólk þekki hlutverk sitt í leik barna og sé öruggt í að styðja við nám barna í gegnum leik	Aukið samtal milli starfsfólks um nám barna í gegnum leik. Umræður á deildarfundum um nám í gegnum leik	Allir starfsmenn / Deildarstjóri	Á allt af við	Á allt af við	Deildarfundir, skráningar	Afslappaðra lærdómsumhverfi. Ánægðari og öruggari börn



Leikurinn áherslur	Að auka fjölbreytni í leik barna	Fjölbreyttari efniviður – auka efnivið sem styður við hlutverkaleik	Allir starfsmenn	Á allt af við	Á allt af við	Samtal á deildarfundum og í daglegu starfi. Skráningar á leik barna	Aukin námstækifæri barna í gegnum leik, fjölbreyttari leikur barna
Skráningar - ferilmöppur	Auka við skráningar	Setja niður hvaða skráningar við viljum hafa í ferilmöppum	Allir starfsmenn	Ágúst 2023	Á allt af við	Deildarfundir og samantekt	Heildaryfirsýning yfir þroskaferil og nám barna í leikskólanum
Barnasáttmálinn	Gera Barnasáttmálann sýnilegri á deildinni	Vinna markvisst og fjölbreytt með Barnasáttmálann	Allir starfsmenn	Ágúst 2023	Á allt af við	Deildarfundir, skráningar og stöðumat	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar mannréttindum
Mat barna á skólastarfi	Nota mat barna á skólastarfi til að stuðla að lýðræðislegum starfsháttum þar sem komið er til móts við óskir og	Vinna með og skoða þætti sem koma fram í mati barna á skólastarfi.	Deildarstjóri/ allir starfsmenn	Á allt af við	Á allt af við	Fyrir foreldrasamtöl að vori fá börnin heim með sér matsblað þar sem þau meta skólastarfið og eigin líðan í	Að rýnt sé í niðurstöður og skoðuð séu tækifæri til umbóta í kjölfar matsins.



	þarfir barna.					leikskólanu m.	
<b>Markviss málörvun</b>	Vinna meira með málörvun í daglegu starfi.	Vinna markvisst með málörvun í gengum leik.	Deildarstjóri, allir starfsmenn.	Ágúst 2023.	Maí 2024	Umræður á deildarfundum	Aukin markviss málörvun, starfsfólk sé öruggt í að vinna með málörvun, aukinn málþroski barna á deildinni

### Bláa deild

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Læsi - Markviss málörvun</b>	Tvískiptar samverustunDIR. Vinna með tvítyngd börn og þau sem tala meira í	Samvinna með sérkennslu, sérstaklega unnið með fjölda tvítyngdra barna á deildinni.	Deildars tjóri	Háust 23	Vor 24	Rýnt í árangur á deildarfundum og fylgst með þroska barnanna yfir veturinn	Aukin málþroski barna á deildinni.



	sitthvoru lagi.						
<b>Leikurinn-áherslur</b>	Nýta þekkingu úr Leikur, nám og gleði til að styðja við leik barnanna	Nýtt og meira krefjandi leikefni, búa til betri aðstæður við ákveðinn leik t.d. með matardót	Starfsfólk deildar	Hau st 202 3	Vor 202 4	Fylgst með barnahópn um útveturinn og skráð hvernig leikurinn gengur	Aukið úthald, meiri samleikur, hlutverkaleikur
<b>Innleiðing Barnasáttmálans</b>	Barnasáttmálinn verði sýnilegri í leik og starfi	Vinna markvisst með Barnasáttmálann svo að hann verði sýnilegri í leik og starfi	Deildars tjóri og starfsfólk deildarinnar.	Vor 202 3	Á allt af við	Rýnt í árangur á deildarfundum og skráð.	Að börnin öðlist skilning á réttindum sínum og kunni skil á grundvallar mannréttindum
<b>Skráningar</b>	Að auka skráningar á námi, áhugasviðum og styrkleikum barna í leik og starfi	Fræðsla um mikilvægi skráninga og auka þátttöku barna í skráningum	Deildars tjóri og starfsfólk deildarinnar.	Hau st 202 3	Á allt af við	Á deildafundum er farið yfir möppu hvers barns og barnið rætt út frá skráningum	Að öll börn hafi 2-4 skráningar á önn. Bæði einstaklingskráningar og hópskráningar.
<b>Sjálfsfelling og</b>	Auka sjálfsfellingu	Að börnin öðlist meiri	Allir	Hau st	Á allt	Á deildafundum	Aukin sjálfsfelling og





<b>félagsfærni barna</b>	og félagsfærni barna	sjálfsefningu og félagsfærni í leik og starfi		2023	af við	um, rýnt í líðan barna, skráningar, börnin og foreldrar taki þátt í mati.	félagsfærni barna
--------------------------	----------------------	---	--	------	--------	---	-------------------

### Gula deild

UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Skráningarferilmöppur</b>	„Verkefni“ sem hæfa aldri sem fara í ferilmöppu	Nýr deildarstjóri ákveður verkefni	Deildarstjóri	Haust 2023	Vor 2024	Nýta eldri hugmyndir, t.d. sjálfsmýnd eða annað, hvað hæfir hópnum og hvað gæti sýnt þeirra hæfileika	Allaveganna eitt verk eftir barnið sem fer í ferilmöppu
<b>Leikurinn-áherslur</b>	Nýta þekkingu úr Leikur, nám og gleði til	Nýtt og meira krefjandi leikefni, búa	Starfsfólk deildar	Haust 2023	Vor 2024	Fylgst með barnahópnum út veturinn og skráð	Aukið úthald, meiri samleikur,



	að styðja við leik barnanna	til betri aðstæður við ákveðinn leik t.d. með matardót				hvernig leikurinn gengur	hlutverkaleikur
<b>Réttindaskóli UNICEF</b>	Sjálfefling barna í matartímu	Þau byrja að skammta sér sjálf, ganga frá eða fara öll alveg inn í matsal	Starfsfólk deildar	Haust 2023	Vor 2024	Starfsfólk skráir árangur og breytingar yfir veturinn og aðstoðar börnin við að öðlast meira sjálfstæði.	Öll börn séu orðin sjálfstæð við matarborðið, geti skammtað sér sjálf eða gengið frá eftir sig. Öll börn séu farin að nota matsalinn
	Sjálfefling barna í daglegu starfi	Handþvottur orðinn hluti af daglegu starfi en ekki eitthvað sem þau leika með, klæða sig meira sjálf, ganga meira frá sjálf	Starfsfólk deildar	Haust 2023	Vor 2024	Starfsfólk skráir árangur og breytingar yfir veturinn og aðstoðar börnin við að öðlast meira sjálfstæði.	Öll börn séu orðin sjálfstæðari í daglegu starfi. Geti t.d farið og þvegið hendur án þessa að leika sér með sápunu
<b>Samskipti við foreldra</b>	Halda uppi góðum samskiptum við foreldra	Instagram, tölvupóstur og samtál í persónu, smáskilaboð og símtöl	Deildarstjóri	Haust 2023	Vor 2024	Vita foreldrar hvernig gengur dags daglega hjá barninu sínu? Sýnum við frá einkunnarorðum gullborgar á Instagram?	Gleði og þakkir foreldra, samtál á morgna og lok dags, reglulegar færslur á Instagram.



#### 4 Innra mat sérkennslu

##### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennsla átti sér stað í hinu daglega starfi inni á deild hvort sem var í minni/stærri hópum, eða í einstaklingsþjálfun. Menntun án aðgreiningar var ávallt höfð í huga þar sem sérkennsla fór fram. Ef um einstaklingsþjálfun var að ræða þá voru þær stundir skráðar eftir hvert skipti til að meta framfarir. Einnig var í ákveðnum tilfellum skráð niður stundir þar sem unnið var í minni eða stærri hópum með sama markmið, að meta framfarir. Starfsfólk sérkennslu notaði mismunandi skráningarform eftir því hvað unnið var með hverju sinni og þegar skráning fór fram var oftast verið að leggja áherslu á ákveðna þroskapætti.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS er lagt fyrir á flestum deildum tvisvar sinnum á ári. Einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn út frá afmælisdegi barns. EFI-2 var lagt fyrir öll börn á á aldrinum 3,3-3,5 ára. Þau sem komu út undir meðalgetu fengu íhlutun og var EFI-2 lagt aftur fyrir nokkrum mánuðum síðar. Hljóm-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi í lok september 2022. Þau börn sem komu út í slakri eða mjög slakri færni fengu íhlutun og var Hljóm-2 lagt aftur fyrir þau börn í lok janúar 2023. AEPS var notað í ákveðnum tilfellum. Út frá niðurstöðum voru markmið sett í einstaklingsáætlanir og unnið út frá þeim. Íslenski máhljóðamælirinn var notaður í ákveðnum tilfellum og ef þörf var á þá sendum við áfram tilvísun til talmeinafræðings hjá þjónustumiðstöð. Íslenski þroskalistinn og smábarnalistinn voru einnig notaðir í ákveðnum tilfellum og ef þörf var á þá sendum við áfram tilvísun á þjónustumiðstöð fyrir viðeigandi fagaðila.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Á skólaárinu var ákveðin endurnýjun á spilum hjá okkur og voru þau meðal annars notuð. Annars notuðumst við mikið við námsefni sem nú þegar er til í leikskólanum, hvort sem það var prentað heimatilbúið efni, bækur eða annað.</p>



**Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024**

UMBÓTAPÁT TUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hef st	Loki ð	Hvernig metið/aðfer ðir?	Viðmið um árangur
<b>Að halda áfram að innleiða hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla.</b>	Að allt starfsfólk þekki Hæfniramma og tileinki sér vinnu með þá.	Að starfsfólk sé meðvitað um að vinna með Hæfniramma.	Deildarstjóri Sérkennslustjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Að matsblöð séu útfyllt fyrir hvert og eitt barn sem þess þurfa.	Að öll fjöltyngd börn séu með virkan hæfniramma sem leiðir til árangurs í íslensku.
<b>Gefðu 10</b>	Að allt starfsfólk leikskólans tileinki sér Gefðu 10.	Að starfsfólk sé meðvitað um að vinna með Gefðu 10. Hver og einn skráir hjá sér þegar viðk. hefur framfylgt sínum 10 mín. fyrir hvert barn.	Deildarstjóri Sérk. stjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Metið í hverri viku með skráningu sem er safnað saman. Sérk. stjóri heldur utan um skráningu og veitir handleiðslu.	Að allt starfsfólk tileinki sér Gefðu 10.
<b>TRAS skráning</b>	Að allir deildarstjórar hafi réttindi til að fylla út í TRAS.	Að allir deildarstjórar sem ekki hafa sótt sér námskeið skrái sig á námskeið.	Deildarstjóri Sérk.stjóri Leikskólastj.	Ágúst 2023	Des 2023	Að deildarstjóri sækir TRAS námskeið á tímabilinu.	Deildarstj. sækir TRAS námskeið á tímabilinu og fylli út í skráninga blöð á viðeigandi hátt fyrir öll börn deildar.
<b>Að starfsfólk þekki verkferla sem fara á eftir ef grunur vaknar um</b>	Að allt starfsfólk leikskólans þekki til þessara verkferla og fari eftir þeim.	Deildarstjóri og sérk.-stjóri kynni verkferla f. starfsfólki sínu. Verkferlar eru í starfsm.	Deildarstj. Sérk. stjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Endurmetið í júní 2024 og sé hvernig gengur.	Að allt starfsfólk þekki verkferla og viti hvar þá er að finna.



frávik hjá barni.		handbók Gullborgar.					
-------------------	--	---------------------	--	--	--	--	--

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármagn hefur að mestu verið notað í efnis kaup.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Inni á öllum deildum er á einhvern hátt unnið með grunnorðaforða á hverjum degi með t.d. lestri bóka, í samskiptum við börnin, í fataklefa, við matarborð og í öllum öðrum athöfnum daglegs lífs. Við höfum verið með Gefðu 10 en það þarf hins vegar að taka það fastari tókum en verið hefur svo vinna með það verði enn markvissari og unnið verði út frá styrkleikum og áhuga hvers barns fyrir sig.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Vinna með orðaforða er misjöfn eftir deildum. Auka þarf fræðslu almennt inni á öllum deildum um lestur og dagleg samskipti svo starfsfólk sé meðvitaðra um t.d. val á bókum, lögum og öðru leik- og/eða efnivið svo starfsfólk sé meðvitaðra um hvað verið er að bjóða uppá í tengslum við að dýpka orðaforða.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stefnan er sett á að taka í notkun Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla svo hægt sé að fylgjast betur með framförum. Eftirfylgni hefur uppúr þessu meira verið í umræðuformi á fundum. TRAS er fyllt út fyrir öll börn leikskólans, þar með talin fjöltyngd börn. Það er t.d. eitt af matstækjum sem við notumst við. Einstaklingsáætlun er gerð fyrir öll börn þar sem verið er að vinna með málþroska, þar með talin fjöltyngd börn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Í flestum tilfellum er hugað að öllum þáttum máls í daglegu starfi. Það er þó vöntun á því að unnið sé markvisst að þessum þáttum inni á deild. Einnig þyrfti að vera betra ut anumhald og skráning svo öllum þessum þáttum sé sinnt.

### Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024



UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefs t	Lokið	Hvernig metið/aðferði r?	Viðmið um árangur
<b>Nýta fjármagn betur</b>	Fjölbreytt námsefni	Kaupa fleiri bækur, spil, leikefni. Fá mögulega aðkeypta fræðslu.	Fjöl- teymi Leikskóla- stjóri Sérkennslu- stjóri	Ágúst 2023	Á alltaf við	Umræður um það hvort og hvernig námsefnið nýtist starfsfólki sem best.	Að starfs- fólk sé að nýta sér náms- efni til að efla nám og þroska barna.
<b>Að unnið sé markvisst með orðaforða bara eftir aldri og getu.</b>	Að orða- forði og tjáning barna aukist miðað við aldur barna.	Gefðu 10 Lestur bóka. Almenn samsk. Íhlutun og samþöflun í leik og starfi. Markvisst unnið með dýpkun orðaf. Efla samvinnu við fórnáðamenn.	Allt starfsfólk	Ágúst 2023	Á alltaf við	Í upphafi leikskólagöngu er upphafs- viðtal við fórnáðamenn. Staða barns rædd. Unnið út frá Hæfni- römmum. Niðurstöður metnar í samstarfi við foreldra.	Að barn sýni fram- farir.
<b>Menning og tungu-mál allra sé sýnilegt.</b>	Aðgerðir eru ábyrgð teymis í að koma af stað umræðu meðal starfs- fólks	Fjöl- teymi	Ágúst 2023	Á alltaf við.	Rýnihópar barna, starfsfólks og foreldra.	Að barnið sé öruggt í leik- skóla- umhverfi og stolt af sinni menningu.	



	hvað við teljum mikilvægt.						
--	----------------------------	--	--	--	--	--	--

## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl í formi örsamtala verða um vor og sumar. Örsamtöl reynast vel en mikilvægt er að starfsfólk fylgi þeim sjálf eftir. Örsamtölin verða í október, desember, febrúar og maí. Markmiðið með örsamtölum er að starfsmenn setja sér markmið og finna leiðir í tengslum við markmið og leiðum leikskólans.

Fræðsla og þróun í starfi verður mikið í tengslum við þróunarverkefni sem leikskólinn er þegar í og á áætlun á árunum 2023- 2025. Þar má nefna samstarf við Grandaborg og Ægisborg til margra ára í tengslum við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar að efla sjálfsefningu og félagfærni elstu barnanna í leikskólunum. Þróunarverkefni til 3ja ára í samstarfi við HÍ, Skóla og frístund og 6 annara leikskóla að efla þátttöku og fræðslu til starfsmanna um hlutverk þeirra í leik barna. Þróunarverkefnið að innleiða Barnasáttmálann og að Gullborg verði réttindaskóli, þetta verkefni er í samstarfi við 6 leikskóla, 6 annarra leikskóla, Skóla og frístund og UNICEF. Fræðsluform þessara verkefna verða í mánaðarlegum fundum deildstjóra, sameiginlegir skipulagsdagar og fundir verða settir inn í skóladagatal leikskólans þegar þeir liggja fyrir 2023-2024. Leikskólinn er einnig í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfinu. Samstarf Grandaskóla, Ægisborgar, Grandaborgar og Gullborgar var ákveðið nú í vor og hlökkum við til að vinna með grunnskólanum. Grunnskólinn áætlar heimsókn í þessa leikskóla og börnin í leikskólanum fara í heimsókn í grunnskólann. Fundið verður sameiginlegt verkefni sem börnin vinna og verður svo afraksturinn sýndur vorið 2024 og verður til staðar í skólanum þegar leikskólabörnin koma í skólann.

## 7 Foreldrasamvinna

Foreldraráð í Gullborg er starfandi foreldraráð samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008. Kosið er í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélags Gullborgar á haustin og skulu að lágmarki sitja þrjú foreldrar í ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir um hlutverk og markmið leikskóla og nefnda sbr. 2. mgr. 4. gr., úr Aðalnámskrá leikskóla og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Starfsreglur ráðsins er að finna hér. 6.2.

Foreldrafélag er starfandi í Gullborg. Allir foreldrar eru meðlimir í foreldrafélagi Gullborgar. Á kynningafundum fyrir foreldra á haustin eru kosnir 2 fulltrúar foreldra af hverri deild, þeir kjósa sér



formann, gjaldkera og ritara. Leikskólastjóri og einn starfsmaður sitja fundina eftir þörfum. Stjórn foreldrafélagsins fundar síðasta miðvikudag hvers mánaðar, eða með tölvupóst samskiptum og Facebook. Markmið félagsins er að vinna að sameiginlegum hagsmunum barna, foreldra og starfsfólks og efla tengsl foreldra við leikskólann. Einnig að styðja við ýmis málefni varðandi starfsemina og standa að uppákomum sem eru börnum, foreldrum og starfsfólki til gagn og gamans. Kynningafundur fyrir foreldra á leikskólastarfinu veturinn 2023-2024 verða að hausti 2023 frá kl. 9.30-10.30. Leikskólastjóri, deildarstjóri og annað starfsfólk svara fyrirspurnum foreldra í formi skemmtilegra umræðna.

## **8 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Skipulagsdagar starfsárið 2023-2024

Mánudagur 21. ágúst, sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla í vesturbænum

Föstudagur 29. september, sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla og grunnskóla í vesturbænum

Föstudagur 27. október, unnið hér í skólanum

Þriðjudagur 2. janúar, sameiginlegur skipulagsdagur leikskóla í vesturbænum

Þriðjudagur 2. apríl, sameiginlegur leikskóla, grunnskóla og frístund

Föstudagur 17. maí, Menntastefnumót Skóla og frístund

## **9 Fylgigögn**

### **9.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs**

F. h. leikskólans .....

\_\_\_\_\_ Rannveig Anna Ólafsdóttir \_\_\_\_\_ 26.06.2023 \_\_\_\_\_  
Leikskólastjóri Dagsetning





### Fylgiskjal 3

#### Starfsáætlun 2023 – 2024 Nafn leikskóla

#### Umsögn foreldraráðs

#### Foreldraráð leikskólans skipa:

Elín Ástrós Þórarinsdóttir  
María Rut Kristinsdóttir

#### Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum



samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:



- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

### **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Umsögn foreldraráðs:**



Umsögn  
foreldraráðs Gullboi





# Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: **Gullborg**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M Foreldravíðtöl Regnbogadeild	1 F Fullveldisdagurinn	1 M Nýársdagur	1 F	1 F	1 M Annar í Páskum	1 M Verkalyðsdagurinn	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F Foreldravíðtöl Grænadeild	2 L	2 Þ Skipulagsdagur G	2 F	2 L	2 Þ Skipulagsdagur L/G	2 F Foreldravíðtöl	2 S Sjómanna dagurinn	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F Foreldravíðtöl Grænadeild	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Þ Dagur leikskólans	6 M	6 L	6 M	6 F Sumarhátíð Gullborgar	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ Foreldravíðtöl Rauðadeild	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M Baráttudagur gegn einelti Foreldravíðtöl Rauðadeild	8 F Jólamatúr	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F Foreldravíðtöl Bláa deild	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F Uppstigningardagur	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F Foreldravíðtöl Bláa deild	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M Sumarlökun/opnað 8.ágúst.
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M Bolludagur	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M Foreldravíðtöl Gula deild	13 M	13 L	13 Þ Sprengidagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F Jólábali	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 L	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ	31 M	31 S	31 M			31 S	31 F		31 M

### Í reglum um leikskólabjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrjú geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna